



# LEIÐSAGNARMAT OG LYKILHÆFNI ÚTI OG INNI

Seljaskóli skólaárið 2017 - 2018

## Í STUTTU MÁLI

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna styrks til verkefnis sem horfir til leiðsagnarmats sem áhersluþáttar til að styrkja starf við lykilhæfni á yngsta stigi í Seljaskóla.

Magnús Þór Jónsson - skólustjóri

**Nafn ábyrgðarskóla:**

Seljaskóli – Kleifarseli 28 – 109 Reykjavík.

**Nafn verkefnisins:**

Leiðsagnarmat og lykilhæfni úti og inni.

**Nafn verkefnisstjóra:**

Magnús Þór Jónsson – skólastjóri.

**Númer samnings.**

Ums 83. 2017 - 2018

**Markmið verkefnisins**

Markmið verkefnisins voru uppgefin eftirfarandi.

- Að læra í gegnum leik á úti og innisvæðum.
- Að nýta aðferðir leiðsagnarmats við námsmat nemenda fyrstu þriggja árganga Seljaskóla.
- Að virkja lykilhæfni hvers nemanda.
- Koma á fót útikennslusvæðum fyrir hvern fyrstu þriggja árganga Seljaskóla.
- Koma upp lausnarverum fyrir hvern fyrstu þriggja árganga Seljaskóla.
- Auka samstarfshæfni og félagsvitund á yngsta stigi.

*Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.*

Í upphafi verkefnisins var hópvinna og hugarflæðisfundur meðal 11 umsjónarkennara á yngsta stigi skólans. Í kjölfarið var skólastjóri í sambandi við John Morris skólastjóra Ardleigh Green skólans í Englandi en hann hefur undanfarin misseri leiðbeint reykvískum skólum sem hafa haft hug á því að vinna að leiðsagnarnámi og leiðsagnarmati fyrir nemendur sína.

Fór í kjölfarið í gang vinna vegna markmiða sem tengjast leiðsagnarmati, lykilhæfni og félagsvitund nemenda á yngsta stigi. Morris hitti hópinn á haustönn 2017 auk þess sem að leitað var í grunn fagfólks á Skóla- og frístundasviði hjá Reykjavíkurborgar við að innleiða þau vinnubrögð sem slíkt nám krefst. Jafnframt fóru kennarar á námskeið hjá Mentor sem miðaði að því að færa upplýsingar um leiðsagnarnám og leiðsagnarmat inn á þann gagnagrunn til upplýsinga fyrir forráðamenn.

Lausnarver innanhúss voru á sama tíma sett upp í nágrenni kennslurýma og þau búin ólíkum námsgögnum og hafa verið nýtt á þann veg frá vorönn 2018.

Umsjónarmaður húsnæðis var sá sem að bar ábyrgð á útikennslusvæðunum en snemma rákum við okkur á að þar fór í gang ferli sem er mjög seinlegt og því urðum við að draga úr þeim áherslum. Þó tókst að ljúka lágmarksframkvæmdum á útisvæðum vor 2018 og í kjölfarið hefur á haustdögum farið fram vinna við að koma útisvæðum í það form að hægt verði að útfæra umrædd þrjú útisvæði þar á næstu misserum.

#### *Frávik miðað við áætlun verkefnisins.*

Einu frávikin sem urðu á áætlun verkefnisins koma til vegna útikennslusvæða. Ferli það sem þarf að vera til staðar svo að hægt sé að útbúa svæði á þann hátt sem ósk skólans var er mun tímafrekara og með aðkomu fleiri aðila en reiknað var með. Fór svo að einungis tókst að litlu leyti að vinna að þeim þætti en þó hófst slík vinna og ætlunin að byggja á henni hjá skólanum næstu misserin og ná því takmarki fyrr en síðar að eiga þrjú vel búin útikennslusvæði við skólann.

#### *Helstu hindranir.*

Auk ofangreindra hindrana vegna útikennslusvæðis voru það „náttúrulegar“ hindranir eins og tíminn sem undirbúningur slíkrar vinnu og framkvæmdar kallar á. Þó stóðust flestir tímaásar verkefnisins alfarið. Veikindaleyfi lykilstarfsmanns á vorönn 2018 kallaði á skipulagsbreytingar innan hópsins sem töfðu það eilítið.

#### *Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu.*

Augljósasti ávinningurinn er stór skref í átt að samhæfðu leiðsagnarnámi yngstu árganga skólans, þar hefur unnist gríðarlega gott starf sem byggir grundvöll frekari vinnu næstu ára við að fullkomna leiðsagnarnám yngsta stigs. Við þá vinnu sem fór fram við verkefnið jókst samstarf milli námshópa og starfsmanna á yngsta stigi töluvert. Sameiginlegir fundir hafa fest sig í sessi og á þeim byggir nú samstarf sem nær til starfa þeirra sem á stiginu starfa. Sýnilegur árangur eru líka lausnarverin sem vísir af er nú á kennslusvæðum og þar má þá einnig nefna sér námsver sem nemendur þriggja árganganna nýta mikið í sínum störfum. Fyrsti vísir af útikennslusvæðum er líka orðin staðreynd sem er klár ávinningur af verkefninu.

*Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.*

Verkefnið hefur haft mikil áhrif á skólastarfið í heild. Vinnan við verkefnið styrkti mjög hugmynd lausnarvera í skólastarfinu og festi námsver algerlega í sessi.

Leiðsagnarnám er nú hinn rauði þráður í skólastarfinu og fer þar yngsta stigið framarlega í flokki enda nú fengið góða æfingu í vinnu þeirrar hugmyndafræði.

Umræða um útikennslusvæði sem tengdist verkefninu leiddi á efri stig og þar hafa sprottið upp vísar að verkefnum í anda þess sem verkefnið stefndi að.

Áhersla verkefnisins á lykilhæfni hefur á sama hátt leitt af sér umræðu og vinnu að innleiðingu hennar almennt í skólanum.

*Niðurstöður verkefnisins.*

Meginniðurstaða verkefnisins er sannfæring þess að leiðsagnarnám sé sú námsaðferð sem best samrýmist þeirri hugmyndafræði sem nám byggir á Aðalnámskrá á að vera. Vorið 2018 var ákveðið að skólinn myndi horfa til leiðsagnarnáms sem hinnar ríkjandi kennslufræði og á vorönn 2019 er stefnt að því að allir kennarar taki þátt í námskeiðum um þá náms- og kennsluaðferð og í kjölfarið verði leiðsagnarnám innleitt í öllum skólanum líkt og það hefur nú hafist á yngsta stiginu.

Stefnt er að því að fá handleiðslu John Morris áfram við þá vinnu.

Hugmyndafræði lausnarvera sem bjóða upp á uppbrot hefðbundinna námsaðferða og sem vinnustöðvar minni námshópa hefur líka sýnt fram á það að nýtast mjög vel í starfi skólans. Mest þróunin varð á námsverinu sem er stærsta lausnarverið og hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á starf yngstu þriggja árganga skólans.

Hluti verkefnisins sem felst í því að læra í gegnum leik er sá hluti þess sem erfiðast var að framfylgja þar sem að stór þáttur þess átti að verða á útisvæðinu. Skólinn mun þó vinna áfram að uppsetningu þess svæðis og mun halda í allar áætlanir um það sem urðu til við vinnu verkefnisins allt þar til það svæði er tilbúið.

Mat hópsins er að mörg af þeim markmiðum sem upp voru sett í byrjun hafi náðst. Þau markmið sem snerust að leiðsagnarnámi, lykilhæfni, félagsvitund og samstarfshæfni hafa náðst að öllu leyti en að hluta þegar kemur að því að læra í leik. Við teljum þó ekki hafa náðst þau markmið sem snúa að útikennslusvæðinu en þeim verður haldið á lofti í skólastarfinu þar til þau nást.

Nemendur Seljaskóla, græddu þeir á verkefninu? Svárið við spurningunni er tvímælalaust já.

Hugmyndafræði lausnaveranna koma til móts við þá nemendur sem mesta hafa þurft aðstoð við að ná skólafærni og að tileinka sér þau vinnubrögð sem af þeim er ætlast. Sú hugmyndafræði er skýr vísun í hugmyndafræði leiðsagnarnáms sem byggir á stöðugri leiðsögn í gegnum mat á vinnu

nemenda hvern dag. Þar kom líka mjög sterkt inn það markmið að læra í gegnum leik og á síðari stigum verkefnisins var sú vinna færð inn í alla námshópa mikið í formi kennslu í gegnum spil og hlutverkaleiki sem byggðu á markmiðum verkefnisins. Miklu máli skipti fyrir útfærslu verkefnisins að ná að tengja formlegt mat við þess háttar nám og að koma þeim upplýsingum hratt og örugglega til forráðamanna. Samkvæmt mælingum í foreldrakönnun má sjá áþreifanlegan árangur þegar kemur að því að senda upplýsingar um nám til foreldrar, þar jókst ánægjuhlutfall foreldra á yngsta stigi milli kannana á þeim þætti töluvert.

Má það án vafa rekja til vinnubragða leiðsagnarnáms þess sem fest var í sessi í umræddu verkefni og á næstu misserum mun skólinn byggja á árangursríkri vinnu í verkefninu til að festa þann árangur í sessi. Þar verður horft til markmiða þeirra sem að baki liggja, ekki síst þeirra þar sem við ætlum okkur enn betri árangur, s.s. þegar að tekist hefur að koma upp því útikennslusvæði sem var eitt markmiða verkefnisins sem og því þegar kemur að mati á lykilhæfni samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Þar er heilmikil vinna framundan þar sem hægt verður að horfa til verkefnisins.

Ekki bara á yngsta stiginu heldur byggja á þeim árangri líka þegar ofar dregur í árgöngum skólans.

#### *Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.*

Námsmat í formi leiðsagnarmats birtist nú reglulega á Mentor.is og upplýsingar um verkefnið og framgang þess verið kynnt innan skólans og til forráðamanna. Verkefnið var kynnt innan skólans og varð hluti af stefnumótunarvinnu Seljaskóla sem miðar að upptöku Leiðsagnarnáms skólans í heild frá vori 2019.

Þar sem ekki tókst að stíga stór skref inn í útikennslusvæðið og þar með skrefið inn í það að gera afar sýnilegt nýstárlegt námsumhverfi hefur ekki farið fram kynning sú í fjölmiðlum sem ætlun var að setja af stað. Það verður þó gert um leið og það markmið hefur náðst.

Niðurstöður verkefnisins hafa verið kynntar formlega fyrir Skólaráði Seljaskóla.

**Það er mat verkefnahópsins að verkefnið „Leiðsagnarmat og lykilhæfni úti og inni“ hafi haft gríðarlega góð áhrif í skólastarf á yngsta stigi Seljaskóla og á því muni framtíðarstarf leiðsagnarnáms byggjast, enda mjög góður grunnur. Það hefur líka gert okkur enn sannfærðari um það að börn læra best af ólíkum viðfangsefnum í breytilegu námsumhverfi og erum því ákveðin í að halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem ekki náðust innan þess tímaramma sem verkefnið gaf.**

Reykjavík, 1.október 2018:



Magnús Þór Jónsson, verkefnisstjóri og skólastjóri Seljaskóla.